

9. september 1987

777

Nr. 409

REGLUGERÐ

um sérstakt togveiðisvæði í Héraðsflóa.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á svæði í Héraðsflóa frá línu réttvísandi austnord austur af Bjarneyjarvíta að línu réttvísandi austnord austur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V) utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 18. gr. laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986–1987 til þess að öðlast gildi 11. september 1987 og gildir til 31. desember 1987 og birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. september 1987.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

2. september 1987

Nr. 410

AUGLÝSING

um friðlýsingu Hraunfossa og Barnafoss í Hvítá í Borgarfirði.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Hraunfossa og Barnafoss í landi Gilsbakka, Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu, og Hraunsáss, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu, ásamt nánasta umhverfi þeirra.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Norðan Hvítár liggja þau um mitt Litlafljót, fylgja síðan línu, sem dregin er 200 m frá árbakka Hvítár austur að háspennulínu er liggur yfir ána. Mörk fylgja línunni yfir ána að gömlum þjóðvegi. Fylgja síðan gamla veginum að núverandi þjóðvegi. Liggja eftir þjóðveginum að Ásgili. Liggja niður mitt gilið, þvert yfir Hvítá, í mynni Litlafljóts.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð um friðlýsta svæðið er öllum heimil, enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er óheimill.
4. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess, sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson.

Fylgiskjal.

